

Sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi, einkum í Hegranesþingi.

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1877	1603 kr. 70 a.
2. Vextir á árinu 1878	63 — 4-
	Samtals 1666 — 74-

Gjöld.

1. Úthlutað 2 ekkjum í Skagafirði	60 kr. » a.
2. Sjóður við árslok 1878:	
a. Ríkisskuldabryf	276 kr. » a.
b. Veðskuldabryf	1300 — » -
c. Peningar	30 — 74- 1606 — 74-
	Samtals 1666 — 74-

Skrifstofu biskups, Reykjavík 31. desember 1878,

P. Pjetursson.

KONSÚLL SKIPAÐUR.

Með því að Niljónius faktor Zimsen hefir verið skipaður konsúlaragent hins frakkneska þjóðveldis, hefir hans hátign konunginum þóknast 5. október þ. á. að játa og samþykkja þetta embætti hans, þannig að hann njóti forgangsrjettinda þeirra og undanþágna, er bera konsúlaragentum útlendra ríkja.

Stjórnartíðindin, báðar deildir, A og B má panta á ritstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Borgun fyrir þau er 1 kr. 66 a. um ár það, sem er að liða, þá er þau eru keypt, og verður að greiða hana fyrirfram, um leið og þau eru pöntuð. Um undanfarin ár eru stjórnartíðindin eigi til öðruvísi en hept, og kosta 1 kr. 90 a. árgangurinn, nema sá um árið 1874; hann kostar ekki nema 95 a.aura.

Stjórnartíðindin eru send þeim, sem æskja þeirra með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber annaðhvort viðtakanda sjálfum eða hlutaðeigandi póstmanni samkv. 23. gr. auglýsingar 3. maí 1872, með næsta pósti eptir, að sendingin kom, að skýra ritstofu landshöfðingja frá því, sem vantar. Embættismönnum og hreppsnefndaroddivitum er skylt að halda þeim stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á eigin kostnað.